
Frá ritstjóra

Í tilefni 20 ára afmælis Félagsfræðingafélags Íslands gaf *Íslenska þjóðfélagið* út sérhefti árið 2017 með yfirlitsgreinum um sex sérsvið félagsfræðinnar. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson ritstýrðu sérheftinu og greinarnar í heftinu eiga það sammerkt að vera sjálfstætt framhald kafla sem birtust árið 2004 í safnrítinu *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, einnig í ritstjórn Þóroddar Bjarnasonar og Helga Gunnlaugssonar.

Í þessu tölublaði birtist seinni hluti umrædds sérheftis en heftið inniheldur fjórar greinar. Tvær greinarnar eru framhald kafla úr *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* og hinar tvær eru yfirlitsgreinar yfir svið sem hafa verið í örum vexti síðustu ár. Sérheftin eru liður í því að kortleggja stöðu og þróun félagsfræðinnar hér á landi.

Guðmundur Oddsson
